

Fjölmenningardagur

- Samantekt -

Um skólamál, samfélagsfræðslu, íslenskukennslu,
lýðræðispáttöku og upplýsingaflæði,
fræðslu fyrir fjölmenningarfulltrúa
og fyrirmyndarverkefni

Staðfundur um fjölmenningu og málefni innflytjenda

Fjölmenningarfulltrúar sveitarfélaga og deild innflytjenda VMST

26. maí 2026



VINNUMÁLA
STOFNUN

Samantekt Fjölmeningardags um skólamál, samfélagsfræðslu, íslenskukennslu, lýðræðispáttöku og upplýsingaflæði, og fræðslu og fyrirmyndarverkefni

Þriðjudaginn 26. maí 2026 fór fram Fjölmeningardagur hjá Vinnumálastofnun. Þar hittust 14 fjölmeningarfulltrúar, frá öllu landinu, ásamt starfsfólki Vinnumálastofnunar.

Í upphafi kynntu aðilar sig og hristu sig saman áður en farið var í hópavinnu í svokölluðu World Café. World Café er leið til að ræða mikilvæg málefni í afslöppuðu og opnu umhverfi, þar sem fólk situr í litlum hópum við borð, líkt og á kaffihúsi, og ræðir spurningar sem skipta máli. Þátttakendur færa sig á milli borða, hugmyndir „ferðast“ með fólkinu og þannig myndast heildarmynd úr mörgum sjónarhornum.

Umræðuefnin voru: Skólamál og samfélagsfræðsla, Íslenskukennsla, Lýðræðispáttaka og upplýsingaflæði og Fræðsla til fjölmeningarfulltrúa og fyrirmyndarverkefni

Allir þátttakendur tóku þátt í hverju umræðuefni fyrir sig, í samtals 20 mínútur.

Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Tungumál er lykillinn að öllu

Niðurstöður World Café umræðna sýna skýrt að stærsta áskorunin í málefnum innflytjenda á Íslandi tengist tungumáli. Takmörkuð íslenskukunnátta hefur víðtæk áhrif á aðgengi að menntun, páttöku á vinnumarkaði, félagslega inngildingu og páttöku í lýðræðissamfélaginu. Þrátt fyrir að ýmis úrræði séu til staðar er almenn upplifun þátttakenda að núverandi kerfi íslenskukennslu sé ekki nægilega staðlað, skorti sveigjanleika og taki ekki nægilegt mið af mismunandi stöðu og þörfum einstaklinga. Þá er sérstaklega bent á að netlausnir einar og sér dugi illa og að þörf sé fyrir aukið staðnám, fjölbreyttar kennsluaðferðir og betri tengingu við daglegt líf og vinnustaði.

Íslenskukunnátta er grunnforsenda:

- náms
- atvinnu
- inngildingar
- lýðræðispáttöku

Án markvissrar tungumálastefnu leysast önnur vandamál ekki.

Helstu áskoranir

- **Íslenskan er lykilhindrun í öllu kerfinu**
 - takmarkar aðgengi að námi, vinnu og lýðræðispáttöku

- **Skortur á fjölbreyttri og markvissri íslenskukennslu**

- of mikið um staðlaðar lausnir og online úrræði sem virka illa
- kennsla tekur ekki nægilegt mið af stöðu og getu einstaklinga

Tillögur að úrbótum:

Íslenskukennsla

- þróa heildstætt kerfi íslenskukennslu með stigskiptingu, skýrum viðmiðum og eftirfylgni
- tengja kennslu við vinnustaði og daglegt líf
- fjölga möguleikum á staðnámi og sveigjanlegum lausnum
- innleiða hvatakerfi
- tryggja að fólk geti lært á vinnutíma

Lykiltillögur:

Byggja upp heildstætt og stigskipt kerfi íslenskukennslu

- Setja skýr hæfniviðmið og námsleiðir (grunnur → framhald → starfstengd íslenska)
- Tryggja að kennsla fari fram í nærumhverfi fólks og að mögulegt sé að læra á vinnutíma
- Innleiða hvatakerfi (t.d. laun, styrkir eða skilyrði fyrir þjónustu)

Markmið: Auka þátttöku, árangur og hraða aðlögunar.

Skólakerfið

Skólakerfið er í núverandi mynd ekki nægilega vel í stakk búið til að mæta þörfum fjölmenningsarsamfélags. Þetta á sérstaklega við um ungmenni sem koma til landsins á unglingsaldri og eiga erfitt með að komast inn í framhaldsskóla eða finna nám við sitt hæfi. Tungumálahindranir, skortur á fjölbreyttum námsleiðum og takmarkaður stuðningur leiða í mörgum tilvikum til brottfalls. Auk þess er skortur á móðurmálskennslu og snemmtækri íhlutun sem veikir bæði námsframvindu og málþroska barna.

Kerfið er ekki hannað fyrir fjölmenningsarsamfélag

- skólakerfi, fræðsla og þjónusta taka ekki nægilega mið af fjölbreyttum hópum

- „ein stærð fyrir alla“ nálgun virkar illa

Helstu áskoranir:

- **Framhaldsskólar eru ekki að mæta þörfum nýrra ungmenna**
 - skortur á plássi og námsleiðum
 - tungumálapröskuldur leiðir til brottfalls
- **Skortur á móðurmálskennslu**
 - veik líffræðileg og fræðileg undirstaða fyrir íslenskunám

Börn og fjölskyldur

Sérstakar áskoranir snúa að stöðu barna og fjölskyldna af erlendum uppruna. Börn hafa oft lakari aðgang að stuðningi, til dæmis heimanámsaðstoð og frístundum, og foreldrar fá takmarkaða fræðslu og stuðning til að fylgja börnum sínum eftir í námi. Þátttakendur lögðu áherslu á mikilvægi þess að hefja inngildingu snemma, sérstaklega á leikskólastigi, þar sem málörvun og stuðningur við foreldra skipta sköpum til að jafna tækifæri til framtíðar.

Inngilding þarf að hefjast snemma

- leikskóli og grunnskóli lykill að samfélaginu
- foreldrar þurfa stuðning samhliða börnum

Helstu áskoranir:

- **Ójöfn staða barna af erlendum uppruna**
 - minni aðgangur að stuðningi, frístundum og heimanámshjálpi
- **Leikskólastigið veikir hlekkur**
 - skortur á íslenskumælandi starfsfólki
 - börn fá ekki nægilega málörvun snemma
- **Foreldrar fá of litla fræðslu og stuðning**
 - mæting á foreldranámskeið lítill
 - foreldrar oft ekki í aðstöðu til að styðja við nám barna

Tillögur að úrbótum:

Börn og skólar

- auka stuðning við heimanám og upplýsingar um frístundastyrki
- efla móðurmálskennslu og snemmtæka íhlutun í leikskólum
- bæta aðgengi ungmenna að framhaldsskólum
- innleiða mentorakerfi

Lykiltillögur:

Efla snemmtæka íhlutun og stuðning við börn og foreldra

- Lögbinda eða tryggja aðgang að leikskóla fyrir öll börn
- Styrkja íslenskukennslu og málörvun í leikskólum sem og móðurmálskennslu sem grunn að námi
- Innleiða heildstæða heimanámsaðstoð í öllum skólum og foreldrafræðslu samhliða skólagöngu barna

Markmið: Jafna tækifæri barna frá byrjun og draga úr brottfalli.

Samfélagsfræðsla og inngilding

Á sviði samfélagsfræðslu kom fram skýr þörf fyrir aðgengilegri og markvissari fræðslu um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur. Núverandi fyrirkomulag er talið of dreift, óskýrt og að miklu leyti bundið við netið, sem dregur úr virkni og þátttöku. Einnig er bent á að fræðsla beinist of oft eingöngu að flóttafólki en síður að öðrum hópum innflytjenda. Þörf er á staðbundnum, gagnvirkum námskeiðum á fleiri tungumálum þar sem fólk hefur tækifæri til að spyrja spurninga og tengjast öðrum.

Aðgengi og nálægð skipta miklu máli

- þjónusta þarf að vera í nærumhverfi fólks
- staðbundnar lausnir virka betur en miðlægar

Helstu áskoranir:

- **Skortur á skipulagðri og aðgengilegri samfélagsfræðslu**
 - of mikil áhersla á netlausnir
 - vantar staðbundin og gagnvirk námskeið

- **Ójöfn þjónusta eftir sveitarfélögum**
 - sérstaklega veik staða á landsbyggðinni
- **Erfitt að ná til innflytjenda**
 - upplýsingar dreifast á marga miðla
 - engin ein samræmd upplýsingagátt

Tillögur að úrbótum:

Samfélagsfræðsla

- flytja fræðslu út í samfélagið (ekki bara online)
- þróa námskeið á fleiri tungumálum
- nýta hópnám og félagslega þátttöku
- tryggja að fræðsla sé fyrir alla innflytjendur (ekki bara flóttafólk)

Lykiltillögur

Tryggja aðgengilega og staðbundna samfélagsfræðslu

- Bjóða upp á staðbundin, gagnvirk námskeið (ekki aðeins á netinu)
- Kenna á mörgum tungumálum og mismunandi stigum og fyrir mismunandi hópa
- Nota samfélagið:
 - hópanám
 - tungumálakaffi
 - mentorakerfi

Markmið: Auka virkni, skilning og þátttöku í samfélagi.

Lýðræðisþátttaka og upplýsingaflæði

Upplýsingaflæði er annað stórt áskorunarefni. Það er talið flókið, dreift á marga miðla og oft óaðgengilegt fyrir þá sem þurfa mest á því að halda. Þátttakendur bentu á að skortur væri á einni skýrri og miðlægri upplýsingagátt þar sem hægt væri að finna áreiðanlegar og uppfærðar upplýsingar um þjónustu, réttindi og tækifæri. MCC vefurinn var nefndur sem tilvalin miðlæg upplýsingagátt, en til þess að MCC geti tekið þá forystu þarf að tryggja fjármagn til að viðhalda síðunni sem og mannskap til að setja reglubundið inn nýjustu upplýsingar.

Lýðræðispátttaka fólks af erlendum uppruna er almennt lítil og tengist sterkt tungumálakunnáttu og skilningi á kerfinu. Margir vita ekki um réttindi sín, hvernig kosningar virka eða hvaða aðilar bera ábyrgð á mismunandi málaflokkum. Tilraunaverkefni eins og „My vote, my voice“ hafa sýnt að áhugi er til staðar hjá þeim sem taka þátt, en erfitt er að ná til breiðari hópa. Þörf er á markvissri og reglubundinni fræðslu fyrir og eftir kosningar, auk aukinnar túlkapjónustu.

Upplýsingaflæði þarf að einfalda

- núverandi kerfi er of flókið
- þörf á einni skýrri, miðlægri gátt (t.d. MCC)

Helstu áskoranir:

- **Lítill þátttaka í kosningum og samfélagsmálum**
 - tengist beint íslenskukunnáttu
 - fólk skilur ekki kerfið eða réttindi sín
- **Upplýsingaflæði er flókið og dreift**
 - of margir miðlar (Facebook, Mentor, vefsíður o.fl.)
- **Óljós ábyrgð**
 - hver á að sjá um fræðslu? (ríki, sveitarfélög, stéttarfélög, atvinnulífið)
- **Kerfisvandamál**
 - lögheimilisskráning óáreiðanleg
 - erfitt að ná utan um hópa

Tillögur að úrbótum:

Lýðræðispátttaka og upplýsingar

- þróa einfalda, miðlæga upplýsingagátt (styrkja MCC)
- halda reglubundna fræðslufundi (fyrir og eftir kosningar)
- auka túlkapjónustu
- efla fræðslu um réttindi, skatta og kerfið

Lykiltillögur:

Einfalda upplýsingaflæði með einni miðlægri gátt

- Styrkja og þróa eina opinbera upplýsingagátt (t.d. MCC)

- Tryggja að allar upplýsingar séu uppfærðar, einfaldar og aðgengilegar og tryggja tengingu við sveitarfélög og landshluta
- Innleiða fjöltyngdar lausnir og snjallverkfæri

Markmið: Fólk finni réttar upplýsingar á einum stað.

Efla lýðræðisþátttöku með markvissri fræðslu

- Halda reglubundna upplýsingafundi fyrir kosningar og eftir kosningar
- Tryggja túlkapjónustu sem grunnþjónustu
- Fræða um réttindi, skyldur og kerfið, sem og skatta, vinnumarkað og samfélag

Markmið: Auka þátttöku, skilning og traust.

Kerfislæg vandamál

Umræðurnar drógu einnig fram kerfislæg vandamál, þar á meðal skort á heildstæðri stefnu stjórnvalda, ófullnægjandi og óstöðuga fjármögnun og óljósa ábyrgð milli ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila. Þá er samvinna við atvinnulíf talin of takmörkuð, þrátt fyrir að vinnustaðir gegni lykilhlutverki í inngildingu.

Tillögur að úrbótum:

Kerfi og stefna

- móta **heildstæða stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda**
- tryggja stöðuga fjármögnun (ekki bara verkefnastyrki)
- skilgreina ábyrgð aðila (ríki, sveitarfélög, atvinnurekendur)
- byggja upp samræmda þekkingarmiðstöð

Samfélag og inngilding

- efla samfélagshús og tungumálakaffi
- þróa mentoraverkefni og vinafjölskyldur
- styðja virka þátttöku í íþróttum og félagslífi
- vinna markvisst gegn fordómum og rasisma í skólum og samfélagi

Fræðsla til fjölmennningarfulltrúa og fyrirmyndarverkefni

Í umræðum um fræðslu til fjölmennningarfulltrúa og yfirlit yfir fyrirmyndarverkefni kom skýrt fram mikilvægi þess að efla bæði þekkingu fagfólks og þeirra sem starfa með innflytjendum og flóttafólki almennt, og miðlun reynslu milli aðila. Þátttakendur lögðu áherslu á að reglulegir staðfundir, samhliða netfundum, væru lykilatriði til að byggja upp tengsl, deila reynslu og þróa faglega þekkingu. Í umræðum kom einnig fram að helsti veikleiki kerfisins er skortur á yfirsýn, samhæfingu og stöðugleika, en lykillinn að árangri felst í miðlægri upplýsingagjöf, markvissri fræðslu, sterkari tengslamyndun og sjálfbærum verkefnum.

Fræðsla

Helstu áskoranir:

- **Skortur á yfirsýn og samhæfingu**
 - Óljós hlutverk, ábyrgð og þjónustuframboð.
 - Enginn einn aðgengilegur upplýsingastaður.
- **Takmörkuð fræðsla og undirbúningur starfsfólks**
 - Starfsfólk fær ekki næga grunnfræðslu við upphaf starfa.
 - Skortur á þjálfun í menningarnæmi og viðtalsaðferðum.
- **Tímaleysi og dreifing verkefna**
 - Margir sinna málaflokknum samhliða öðrum verkefnum → erfitt að fara á dýptina.
- **Skortur á samnýtingu þekkingar**
 - Sveitarfélög og aðilar „finna upp hjólið“ hvert fyrir sig.
 - Takmörkuð miðlun á verkefnum sem hafa reynst vel.

Tillögur að úrbótum:

- **Bæta aðgengi að upplýsingum**
 - Setja upp miðlægan upplýsingavef/yfirlit (hlutverk, þjónusta, úrræði).
 - Útbúa upplýsingapakka fyrir nýtt starfsfólk.
- **Efla fræðslu og þjálfun**
 - Skyldu- eða grunnfræðsla við upphaf starfa.
 - Þjálfun í menningarnæmi og „best practices“.
- **Auka samráð og tengslamyndun**
 - Reglulegir staðfundir fagaðila.
 - Deiling reynslu og verkefna milli sveitarfélaga.

Lykiltillögur:

1. Miðlæg þekkingar- og upplýsingaveita

- Einn staður fyrir allar upplýsingar, úrræði, námskeið og tengiliði.

2. Kerfisbundin fræðsla fyrir starfsfólk

- Stöðluð grunnfræðsla + menningarnæmi við upphaf starfa.

3. Aukin samvinna milli aðila

- Regluleg miðlun á reynslu og bestu lausnum milli sveitarfélaga og stofnana.

Fyrirmyndarverkefni

Helstu áskoranir:

- **Óstöðug fjármögnun verkefna**
 - Verkefni háð styrkjum → lítil festa og sjálfbærni.
- **Ófullnægjandi inngilding og tengslamyndun**
 - Þörf á markvissari leiðum til að styðja þátttöku í samfélagi, námi og vinnu.

Tillögur að úrbótum:

- **Snemmtæk inngilding**
 - Hefjast handa í leikskóla og grunnskóla með virðingu fyrir fjölbreytileika.
 - Einfaldar, skýrar upplýsingar frá upphafi
- **Styrkja samfélagstengsl og virkni**
 - Nota bókasöfn og samfélagshús sem virkja vettvang.
 - Fjölga tengslamyndandi úrræðum (mentorar, vinafjölskyldur).
- **Þróa markvissari náms- og atvinnutengdar leiðir**
 - Starfstengd íslenskunámskeið.
 - Inngildingarnámskeið og tenging við atvinnulíf.

Lykiltillögur:

1. **Sjálfbær fjármögnun árangursríkra verkefna**
 - Tryggja langtímafjármögnun í stað skammtímastyrkja og stöðugleika í þjálfun leiðbeinenda
2. **Mentorakerfi og tengslamyndun**
 - Á vinnustöðum, í skólum og samfélagi til að styðja inngilding.
3. **Snemmtæk og samfelld inngilding (frá leikskóla til vinnumarkaðar)**
 - Samfelld nálgun yfir öll æviskeið og áherlsa á þjónustu í nærsamfélagi

Mikil fjölbreytni kom fram í dæmum um árangursrík verkefni, bæði hérlandis og erlendis. Má þar nefna frumkvæði sem stuðla að félagslegri þátttöku, tengslamyndun og

stuðningi við börn og fjölskyldur, svo sem vinafjölskylduverkefni í grunnskólum, mentorakerfi og samfélagsleg verkefni innan leikskóla, skóla og frístundastarfs. Einnig komu fram dæmi um verkefni sem styðja við aðgengi að tungumáli og virkni í samfélaginu, meðal annars í gegnum íþróttir, tómstundir og samfélagsmiðstöðvar. Þá má líta til t.d. Norðurlandanna og ýmissa verkefna sem hafa sannað gagn sitt þar, m.a. Neighbourhood sisters (í Stokkhólmi) þar sem nærsamfélagið er virkjað til þátttöku, og samkomuhús í Svíþjóð fyrir arabískar konur og börn þar sem sameinað er tengsl, tungumál, fræðsla og samvera.

Nánari upplýsingar um nokkur fyrirmyndarverkefni má sjá hér:

- Gefum íslensku séns <https://gefumislenskusens.is/>
- Velkomin til Suðurnesja <https://www.sudurnes.is/>
- GETA samtök <https://getahjalsamtok.com/>
- Hörpusjóðurinn á Suðurlandi <https://www.vik.is/is/frettir/horpusjodurinn>
- Námskeið fyrir konur í stafrænni læsi – Womens group (Rauði krossinn) <https://www.facebook.com/photo/?fbid=1428071069346910&set=gm.4345461519054351&id=2768849643382221>
- Rauði krossinn í Eyjafirði: Fræðsla um fjölmenningu og staðalímyndir ætluð ungmennum á fyrsta ári í framhaldsskólum á Akureyri https://www.raudikrossinn.is/media/jmyd3pdt/arsskyrsla-2026_eyjafjordur.pdf

Meginniðurstöður

Heildarniðurstaða vinnunnar er sú að inngilding krefst markvissrar stefnumótunar, samræmdrar framkvæmdar og fjárfestingar í lausnum sem virka til lengri tíma. Sérstök áhersla er lögð á að byggja upp heildstætt og stigskipt kerfi íslenskukennslu, efla snemmtæka íhlutun fyrir börn og foreldra, tryggja aðgengilega samfélagsfræðslu í nærumhverfi fólks og einfalda upplýsingaflæði með miðlægri gátt.

Jafnframt er ljóst að styrkja þarf faglega umgjörð málaflokksins með aukinni fræðslu og stuðningi við það starfsfólk sem vinnur að inngildingarmálum. Þörf er á samræmdri og aðgengilegri grunnfræðslu fyrir fjölmenningarfulltrúa og annað fagfólk, þar sem skýrt er hlutverk aðila, yfirlit yfir þjónustu og úrræði og leiðir til að nálgast upplýsingar. Slík nálgun stuðlar að aukinni skilvirkni, betri þjónustu og kemur í veg fyrir að þekking og reynsla glatist milli aðila.

Þátttakendur lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að efla menningarnæmi og faglega hæfni í samskiptum, meðal annars með þjálfun í viðtalstækni og aukinni meðvitund um stöðu, réttindi og þarfir þjónustunotenda. Samhliða þessu er mikilvægt að skapa vettvang fyrir regluleg samtöl og raunveruleg tengslamyndun milli fagaðila, þar sem miðlun reynslu og þekkingar getur átt sér stað á markvissan hátt.

Mikilvægi þess að nýta og þróa fyrirmyndarverkefni kom skýrt fram. Fjölbreytt dæmi sýna að árangursríkar lausnir byggja gjarnan á tengslamyndun, virkni og þátttöku, svo sem í gegnum mentorakerfi, vinafjölskyldur, skóla- og frístundaverkefni og samfélagsmiðstöðvar. Slík verkefni hafa reynst árangursrík bæði hérlandis og erlendis og undirstrika mikilvægi þess að deila þekkingu og aðferðum milli sveitarfélaga og stofnana.

Áhersla var lögð á að tryggja stöðugleika og sjálfbærni þeirra verkefna sem sýnt hafa árangur, í stað þess að þau séu háð tímabundnum styrkjum. Einnig var bent á mikilvægi samþættra úrræða, þar sem tungumálanám, samfélagsfræðsla og tenging við vinnumarkað eða nám fara saman, til að auka líkur á árangursríkri inngildingu.

Jafnframt er mikilvægt að efla lýðræðisþátttöku með markvissri fræðslu og styrkja samstarf milli opinberra aðila, atvinnulífs og samfélagsins í heild.